

Góðan daginn

Við Eldeyjarfélagarnir Guðlaugur umdæmisstjóri Kiwanishreyfingarinnar og Óskar þingnefndarformaður þakka bæjarstóra góðan og jákvæðan fund í vikunni. Niðurstaða fundarins var m.a. að eftirfarandi beiðni um þingstyrk vegna 55. umdæmisþings Kiwanis í Kópavogi 19-21 september 2025, yrði send bæjarráði.

Kiwanisklúbburinn Eldey hefur farsælega starfað í Kópavogi í meir en hálfa öld. Úr röðum klúbbsins hafa flestir umdæmisstjórar hreyfingarinnar komið og hafa þeir öllu jafna, haldið sín þing í heimabyggð. Til þings í ár eru boðaðir um 130 þingfulltrúar og erlendir gestir auk maka og almennrar félaga. Þinghald verður í Salnum, en einnig er önnur aðstaða á Holtinu nýtt til þingstarfa. Klúbburinn hefur jafnan beðið bæinn um styrk vegna þinghalds, og fengið.

Styrkurinn sem nú er formlega beðið um, er að fella niður leigugjöld af Salnum í 2 daga.

Í áratugi hefur Eldey verið kjölfesta í mörgum verkefnum umdæmisins, t.d. fjáraflanir á heimsvísu vegna baráttu við stífkrampa og joðskort. Framlög klúbbsins til K-dags hreyfingarinnar hafa jafnan verið framúrskarandi. Kiwanis er alþjóðasamtök sjálfboðaliða með það að meginmarkmiði að hjálpa börnum á heima og heimsvísu. Hérlandis speglast markmiðin m.a. í árlegri hjálmagjöf til grunnskólabarna, veglegir styrkir til Bugls, Einstakar barna o.fl. Á heimavelli lætur klúbburinn svo til sín taka t.d. með reglulegum styrkjum til Sunnuhlíðar, Fjölsmiðjunar, Mæðrastyrksnefndar, Dvalar, kirkjustarfs, umhverfisverndar, ótal einstaklinga, o.fl. o.fl.

Þakka ykkur fyrir óeigingjarnt starf fyrir bæjarfélagið!

Með Kiwaniskveðju og von um jákvæð viðbrögð :)

--

Óskar Guðjónsson

Ársalir 1

201 Kópavogur

6960035

skari@centrum.is

skirfill@gmail.com

